

Sp.

294. Tillaga til þingsályktunar

[148. mál]

um byggingu nýs þinghúss.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason,
Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að hrinda af stað undirbúningi undir nýbyggingu fyrir Alþingi vestan við núverandi þinghús. Verði efnt til samkeppni um bygginguna og umhverfi hennar og stefnt að því, að fyrsta skóflustunga verði tekin á 100 ára afmæli alþingishússins 1981.

Greinargerð.

Undanfarna áratugi hafa öðru hverju sprottið upp umræður um byggingu nýs þinghúss, þar eð þrengsli eru mikil í alþingishúsinu og starfsemi þingsins fer nú fram í þrem öðrum byggingum. Skipaðar hafa verið nefndir til að fjalla um málið.

Því miður hefur aldrei náðst samkomulag um stefnu í byggingarmálum Alþingis. Hefur þetta stafað af ágreiningi um staðarval, fyrst og fremst hvort þingið eigi að vera kyrrt í kvos gamla miðbæjarins eða velja sér nýjan stað í borgarlandinu. Um skeið blönduðust áform um byggingu ráðhúss í Tjörninni inn í þetta mál.

Flutningsmönnum virðist þróun byggðar í Reykjavík smám saman hafa fækkað þeim kostum, sem eru á nýjum þingstað. Er nú vart um aðra staði að ræða en sunnarlega í nýja miðbænum eða á Ártúnshöfða, því varla er raunhæft að ræða um stórfellt niðurrif eða meiri háttar breytingar á umferð og umhverfi.

Vestan við alþingishúsið eru rúmgóðar lóðir, sem Alþingi sjálf á, og bendir allt til þess, að þar gæti farið mjög vel um framtíðarbyggingu þingsins. Rífa þyrfti nokkur timburhús, og verður þá aðeins einn Þrándur í Götu: Oddfellowhúsið. Sennilega væri hægt að reisa þinghúsbyggingu norðan við það, en varla verður komist hjá því fyrr eða síðar, að húsið verði rifið, svo að nýtt þinghús fái óskerta útsýn suður yfir Tjörnina.

Það er tilgangur þessarar tillögu að taka ákvörðun um staðarval og hefja fljótlega undirbúning nýrrar byggingar. Er sjálfsagt að láta fara fram samkeppni um gerð hússins og umhverfi þess.

Þar eð undirbúningur undir slíka samkeppni krefst mikillar vinnu og tíma, er gert ráð fyrir, að varla verði samkeppni og vali úrlausna lokið fyrr en 1979–80, og mætti þá taka fyrstu skóflustungu hinnar nýju byggingar á 100 ára afmæli gamla þinghússins 1981.